



## PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

# Ákvörðun nr. 5/2019

## Tengingar í fjarskiptainntaki

### I. Erindið

(1) Með tölvupósti, dags. 3. desember 2018, barst Póst- og fjarskiptastofnun (PFS) kvörtun frá Mílu ehf. (Míla) þess efnis að Gagnaveita Reykjavíkur ehf. (GR) hafi klippt á tengdan þráð Mílu í fjarskiptainntaki að [...] <sup>1</sup> í stað þess að tengjast lausum aukaþræði sem þar hafi verið til staðar (*mál nr. 2018120005*).

(2) Þann 19. desember 2018 bættust við samskonar kvartanir Mílu gegn GR vegna [...], [...], og [...].

(3) Að áliti félagsins leiðir krafa reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, um tvo þræði inn í hverja íbúð, til þess að ekki þurfi að klippa á þráð sem tengdur er upp þegar annar laus þráður er fyrir hendi. Sé það gert brjóti það gegn reglunum.

(4) Í ljósi þess að um er að ræða efnislega samkynja kvartanir milli sömu málsaðila ákvað PFS að fjallað yrði um þær í einu og sama stjórnarsýslumálinu.

### II. Sjónarmið og bréfaskipti

#### 2.1. Athugasemdir GR

(5) GR var gefinn kostur á því að koma á framfæri athugasemdum vegna kvörtunar Mílu. Svar félagsins barst með tölvupósti, dags. 15. janúar 2019. Í svarinu kemur fram að í einu tilviki hafi verið um mistök að ræða og í hinum hafi ekki verið til staðar aukaþráður í fjarskiptainntaki í viðkomandi húseignum. Um þetta er farið eftirfarandi orðum:

„Varðandi mál í [...] þá telur GR að þar sé um mannleg mistök að ræða. Það bendir allt til þess að aðili á okkar vegum hafi aftengt ljósleiðaraþráð sem settur var upp á tengilista í stað þess að nota auka þráðinn. Á þessum tíma voru á staðnum sitthvor kassinn, einn fyrir GR og annar fyrir Mílu, en í dag er búið að færa umræddan streng yfir í 3ja kassann.

GR hefur farið yfir verklagið sem þarna var viðhaft og farið aftur yfir með uppsetningaradilum að aftengja ekki þegar tengda þræði þegar aukaþráður er til staðar.

---

<sup>1</sup> Upplýsingar um heimilisföng felld út vegna trúnaðar.

Varðandi [...] þá var aukaþráður ekki til staðar. Eina val GR var þannig að nota fyrirbyggjandi ljósleiðaraþráð, sbr. 7. gr. 1111/2015 um aðgang að ljósleiðaraþráðum. Íbúi skrifaði undir samþykki fyrir fyrirkomulagi tengingar og skilmála GR.

Varðandi [...] þá var aukaþráður ekki til staðar. Eina val GR var þannig að nota fyrirbyggjandi ljósleiðaraþráð, sbr. 7. gr. 1111/2015 um aðgang að ljósleiðaraþráðum. Íbúi skrifaði undir samþykki fyrir fyrirkomulagi tengingar og skilmála GR. Þá er vert að taka fram að uppsetning í íbúð 01 0102 var þann 20. desember 2017 en hins vegar hafði verið farið í enduruppsetningu á ljósleiðaraboxi í íbúð 03-05 þar sem Míla hafði fjarlægt ljósleiðarabox GR og til framkvæmdabæiðni fyrir því í kerfum GR, enduruppsetning fór fram 11. desember 2017.

Varðandi [...] þá var aukaþráður ekki til staðar. Eina val GR var þannig að nota fyrirbyggjandi ljósleiðaraþráð, sbr. 7. gr. 1111/2015 um aðgang að ljósleiðaraþráðum. Íbúi skrifaði undir samþykki fyrir fyrirkomulagi tengingar og skilmála GR.“

## 2.2. Tölvupóstur PFS til Mílu

(6) PFS taldi rétt að gefa Mílu tækifæri til að tjá sig um athugasemdir GR, sbr. tölvupóst dags. 15. janúar 2018. Í ljósi upplýsinga sem fram komu í athugasemdum GR, þ.e. að í tilviki [...] hafi verið klippt á tengdan þráð Mílu fyrir mistök, taldi PFS tilefni til þess að vísa til fyrri úrlausnar stofnunarinnar um skemmdir á tengingum í fjarskiptainntaki vegna óhappatilvika. Um þetta sagði í tölvupósti PFS:

„Hvað varðar [...] kemur fram, samkvæmt skilningi PFS, viðurkenning GR á mistökum. PFS hefur í fyrri úrlausn markað þá reglu að stofnunin taki ekki til meðferðar einstök óhappatilvik, sem upp koma við framkvæmd tenginga í fjarskiptainntaki, sem formleg stjórnsýslumál. Sjá kafla 4.6. í ákvörðun PFS nr. 23/2018. [...]

Að fengnum þessum skýringum GR hyggst PFS því vísa kvörtun Mílu frá hvað varðar [...], nema að Míla hafi frumkvæði að því að fella þessa húseign úr kvörtun sinni gegn GR.“

## 2.3. Athugasemdir Mílu

(7) Athugasemdir Mílu bárust PFS með tölvupósti, dags. 4. febrúar 2019. Í þeim kemur fram að Míla geti hvorki fallist á að um hafi verið að ræða óhappatilvik í tilviki einnar húseignarinnar né að frágangur í hinum húseignunum hafi verið í samræmi við reglur. Sjónarmið Mílu eru eftirfarandi: a skýringar GR á því að um mistök hafi verið að ræða í einu tilvikinu ekki til þess að

„Varðandi [...], þá telur Míla að skýringar GR leiði ekki til þess að vísa beri kvörtun Mílu frá. Míla telur að það sé ekki nægilegt að vísa til að um „mistök“ sé að ræða, hvað þá óhappatilvik, þegar að hvorki er tilkynnt um atburðinn til Mílu né að úrbætur hafa verið gerðar á meintum mistökum af hálfu GR. Í þessu sambandi er rétt að benda á að GR hefur ekki bætt fyrir „mistökin“. Óhappatilvik vísar almennt til skyndilegs atburðar sem er verður fyrir slysi og án ásetnings. Þetta tilvik er

ekki sambærilegt því óhappatilviki sem fjallað var um í ákvörðun PFS nr. 23/2018, þar sem að verktaka hjá Mílu varð á fyrir slysi að taka í sundur fjarskiptaþráð GR. Það tilvik var þegar í stað tilkynnt GR og lagfært eins fljótt og kostur var á kostnað Mílu. Þar var um hreint óhappatilvik að ræða. Þetta tilvik sem kvartað er yfir í [...] þar sem beinlínis er klippt á þráð í tengilista í húskassa er ekki einsdæmi og eru fleiri slík til. PFS taldi óþarfa að Míla sendi inn öll tilvik, heldur væri nægilegt að tilkynna um eitt tilvik til að unnt væri að taka fordæmisgefandi ákvörðun. Míla getur sent inn fleiri dæmi ef PFS óskar.

Varðandi þau tilvik sem GR telur upp að eingöngu hafi verið einn þráður til staðar, þá telur Míla að þar hafi ekki verið rétt að staðið og fjarri því að eina leiðin hafi verið að brjóta upp þráð á tengilista. Hér var einleiðarinn á tengilista í húskassa. GR tekur hann úr tengilista og bræðisýður hann í inntaki sínu. Það er því rangt að eina leiðin hafi verið að taka strenginn af tengilistanum. Réttta leiðin er að leyfa strengnum að vera á tengilistanum og „patcha“ með „patchsnúru“ í inntak GR og bræðisjóða hann þar við inntak GR. Sem þýðir að ef viðskiptavinur vill skipta um fjarskiptafyrirtæki, þá er einleiðarinn ennþá á tengilista og getur viðskiptavinur þannig fært sig auðveldlega á milli. Þessi aðferð GR brýtur í bága við reglur um innanhússfjarskiptalagnir þar sem í raun er verið að bræðisjóða alla þræði við inntak GR. Það stoðar heldur ekki að vísa fram samþykki húseiganda fyrir slíkum ólögumfrágangi sem GR kveðst hafa aflað sér, auk þess að brjóta í bága við ákvörðun PFS nr. 26/2018 um frágang í Vefarastræti, þar sem fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að tengja sig við innanhússlagnir ef frágangur þeirra brýtur í bága við reglur um innanhússfjarskiptalagnir. Það stoðar því ekki að vísa til þess að GR hafi aflað sér samþykkis húseiganda fyrir hinum ólögumfrágangi.

Skýringum GR er því harðlega mótmælt. Ekki sýnist vera ágreiningur um málsatvik en Míla er ávallt reiðubúin að fara í vettvangsgöngu ef PFS telur það geti skýrt málið.“

#### **2.4. Viðbótarathugasemdir GR**

(8) Í ljósi þess að í athugasemdum Mílu komu fram frekari skýringar á málalíbúnaði félagsins taldi PFS rétt að leita sjónarmiða GR á þeim. Svör GR bárust með tölvupósti, dags. 20. febrúar 2019. Brugðist er við sjónarmiðum Mílu á eftirfarandi hátt:

„Hvað varðar Löngumýri 26 er um mannleg mistök að ræða og vísast til þess sem fram kemur í svörum Gagnaveitu Reykjavíkur (GR) í pósti til PFS þann 15. febrúar 2019.

Í kvörtun Mílu er einnig vikið að frágangi að [...]. Í kvörtun Mílu kemur m.a. fram að þar hafi verið „...rofin tenging sem gengið var frá á tengilista í maí 2018 og þ. 13. desember hefur þráður verið brotinn upp og bræðisoðinn andstætt reglum PFS um innanhússfjarskiptalagnir.“

Í svari GR til PFS þann 15. janúar 2019 kemur fram að ekki var til staðar aukaþráður að [...]. Eina leiðin fyrir GR til að verða við beiðni húseiganda og áskrifanda var nota eina innanhússlagnaþráðinn sem til staðar var og nota hann til að tengja við fjarskiptalögn GR í samræmi við heimild í 7. gr. 1111/2015. Viðkomandi íbúi og húsráðandi samþykkti fyrirkomulag tengingar og skilmála GR, sbr. kvittun í viðhengi.

Í athugasemdum Mílu 4. febrúar 2019 varðandi [...] og [...] kemur meðal annars fram að Míla staðfestir að þar hafi eingöngu verið einleiðarar til staðar. Þá kemur eftirfarandi fram af hálfu Mílu:

„Varðandi þau tilvik sem GR telur upp að eingöngu hafi verið einn þráður til staðar, þá telur Míla að þar hafi ekki verið rétt að staðið og fjarri því að eina leiðin hafi verið að brjóta upp þráð á tengilista. GR tekur hann úr tengilista og bræðisýður hann í inntaki sínu. Það er því rangt að eina leiðin hafi verið að taka strenginn af tengilistanum. Réttta leiðin er að leyfa strengnum að vera á tengilistanum og „patcha“ með „patchesnúru“ í inntak GR og bræðisjóða hann þar við inntak GR. Sem þýðir að ef viðskiptavinur vill skipta um fjarskiptafyrirtæki, þá er einleiðarinn ennþá á tengilista og getur viðskiptavinur þannig fært sig auðveldlega á milli. Þessi aðferð GR brýtur í bága við reglur um innanhússfjarskiptalagnir þar sem í raun er verið að bræðisjóða alla þræði við inntak GR. Það stoðar heldur ekki að vísa fram samþykki húseiganda fyrir slíkum ólögum frágangi sem GR kveðst hafa aflað sér, auk þess að brjóta í bága við ákvörðun PFS nr. 26/2018 um frágang í [...], þar sem fjarskiptafyrirtæki er óheimilt að tengja sig við innanhússlagnir ef frágangur þeirra brýtur í bága við reglur um innanhússfjarskiptalagnir. Það stoðar því ekki að vísa til þess að GR hafi aflað sér samþykkis húseiganda fyrir hinum ólögum frágangi.“

Framangreindu mótmælir GR og telur að ekkert í reglum nr. 1111/2015 renni stoðum undir fullyrðingar Mílu að reglurnar mæli fyrir um þá leið eða úrfærslu sem Míla lýsir í framangreindum athugasemdum. Þá mótmælir GR tilvísun Mílu til ákvörðunar nr. 16/2018 sem GR telur að hafi ekki fordæmisgildi.

Markmið reglna nr. 1111/2015, með síðari breytingum, er einkum tvíþætt: tryggja jafnræði og jafnan aðgang fjarskiptafyrirtækja að innanhússfjarskiptalögnum og stuðla að öryggi fjarskiptatenginga. Reglurnar eru tæknilega hlutlausar sbr. 1. mgr. 1. gr.

Í ákvörðun PFS nr. 25/2017 var fjallað um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að lausum þræði innanhússfjarskiptalagna í fjarskiptainntaki. Sá réttur til aðgangs er í ljósi þess að reglurnar eru tæknilega hlutlausar ekki háður eða skilyrtur við tiltekna tæknilega úrfærslu eins og Míla virðist halda fram.

Ákvörðun PFS nr. 26/2017 fjallaði m.a. um ábyrgð á tengingum í fjarskiptainntaki. Þar var kveðið á um að fjarskiptafyrirtæki væri heimilt, nema í þeim tilvikum sem greindi í þágildandi 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 að splæsítengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn í inntaki fjarskiptalagna, að fengnu samþykki húseiganda og að uppfylltum þeim skilyrðum sem tilgreind eru í 4. mgr. ákvæðisins. Í forsendum ákvörðunarinnar kemur m.a. fram að krafan um að nota tengilista er bundin við nýbyggingar fjölbýlishúsa og atvinnuhúsnæðis, enda sérstaklega vísað til þeirra 3. mgr. ákvæðisins. Heimilt er að víkja frá henni í öðrum tilvikum með samþykki húseiganda.

7. gr. reglna nr. 1111/2015 var breytt með reglum nr. 421/2018, sem gildi tóku 1. júlí 2018. Markmið breytinganna var að gera bræðisuðu valkvæða í öllum tilvikum, einnig í nýbyggingum fjölbýlishúsa, en gegn því skilyrði að ávallt væri settur upp tengilisti, þar sem aðgangur væri að lausum þræði innanhússfjarskiptalagnar. Ágreiningslaust er að tengilistar eru til staðar í framangreindum húsum.

Að mati GR er með reglum nr. 421/2018 verið að festa í sessi umráðarétt húseiganda yfir tilhögun innanhússlagna og það sé hann sem hafi rétt og ákvörðunarvald til þess að breyta, aftengja og tengja innanhússlagnir við fjarskiptalagnir, óháð tæknilegri útfærslu fjarskiptafyrirtækis sem í hlut á hverju sinni. Þetta á sérstaklega við í þeim tilfellum þar sem einungis er til staðar ein innanhússlögn (einleiðari) sem liggur frá inntaki til áskrifanda, þ.e. eingöngu er í boði einleiðari.

Við þessar aðstæður er eini möguleiki húseiganda/áskrifanda að geta stofnað til viðskipta við nýtt/annað fjarskiptafyrirtæki að breyta eða flytja tenginguna óháð því hvaða tengiaðferð viðkomandi fjarskiptafyrirtæki notar.

Við þær aðstæður þarf fjarskiptafyrirtæki að hafa samþykki húseiganda til að tengjast innanhússlögn hans og hefur í krafti þess samþykkis rétt til að aftengja fjarskiptalögn annars fjarskiptafyrirtækis.

Í 5. mgr. 7. gr. reglnanna eins og þeim var breytt með ákvæði 2. gr. reglna 421/2018 segir nú að sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsítenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er.

Í tilfelli [...] óskaði viðkomandi íbúi eftir því að fara í viðskipti við GR og var ráðist í breytingar á tengingu í ágúst 2018. Ágreiningslaust er í málinu að einleiðari var til staðar, þ.e. aðeins ein innanhússlögn var frá inntaki til íbúðar viðkomandi áskrifanda. GR tengdi viðkomandi aðila þann 14. ágúst 2018, en þá höfðu m.a. reglur nr. 421/2018 tekið gildi. Fær félagið því ekki annað séð en að farið hafi verið að reglum nr. 1111/2015 og hafnar af þeim sökum kröfum og málflutningi Mílu.

Varðandi [...] og [...] þá var sama staðan uppi þar, þ.e. aukapráður var ekki til staðar, þ.e. eingöngu var einleiðari í boði til þess að hægt væri að tengja innanhússlögn áskrifanda við fjarskiptalagnir GR. Eins og fyrr greinir er það forsenda þess að viðkomandi áskrifandi komist í viðskipti til GR að hann samþykki að einleiðarinn sé aftengdur frá fjarskiptaneti þess fjarskiptafyrirtækis sem viðkomandi áskrifandi var í viðskiptum við og innanhússlögn hans tengd við fjarskiptalögn GR.

Með vísan til þessa er þannig ljóst að framangreint fór fram með samþykki húseiganda og eiganda þeirra innanhússlagna sem um er deilt. Að mati GR er húseiganda og áskrifanda að fullu heimilt að veita GR aðgang að innanhússlögnum og þar með heimild til þess að tengja fjarskiptalögn GR við innanhússlögn með þeirri tæknilegu útfærslu sem viðkomandi fjarskiptafyrirtæki

notast við sbr. 1. gr. reglna nr. 1111/2015. Verður af þeim sökum ekki séð á hvaða grunni krafa Míla eigi sér stöðu í framangreindum reglum.“

## 2.5. Upplýsingar um tengidagsetningar og lok gagnaöflunar

(9) Með tölvupósti, dags. 22. febrúar 2019, voru viðbótarathugasemdir GR sendar Mílu til upplýsinga, þar sem það var álit PFS, eftir tvær umferðir umsagna aðila, að málið væri fullrannsakað og tækt til ákvörðunartöku.

(10) Svar barst frá Mílu þann 26. febrúar 2018. Í því var málatilbúnaði GR mótmælt. PFS taldi svarið ekki gefa tilefni til að leita viðbragða af hálfu GR. Með tölvupósti þann sama dag var svar Mílu sent GR til upplýsingar, auk þess sem félaginu var tilkynnt að PFS teldi málið fullrannsakað, þ.e. með tilliti til sjónarmiða aðila.

(11) Aftur á móti taldi PFS þörf á því að leita eftir upplýsingum frá GR um hvenær tengingar í þeim húseignum sem kvörtunarmál þetta varðar voru settar upp, sbr. tölvupóst til félagsins þann 25. febrúar s.l. Svör GR bárust með tölvupósti, dags. 27. febrúar s.l. Voru umræddar dagsetningar bornar undir Mílu þann sama dag. Í svarpósti Mílu, dags. 1. mars s.l., eru færðar fram aðrar og nýrri dagsetningar heldur en kom fram í upplýsingum frá GR. PFS taldi því þörf á að GR færi aftur yfir þessar dagsetningar, en um leið áréttaði PFS, að ekki væri um að ræða dagsetningu þegar tengingu var fyrst komið fyrir, heldur hvenær tenging hefði síðast verið framkvæmd af hálfu GR. Svar GR barst, sbr. tölvupóstur dags. 5. mars s.l. Í eftirfarandi töflu er að finna upplýsingar frá félögunum tveimur um síðustu tengidagsetningar GR í viðkomandi húseignum:

Húseign	Tengidagsetning skv. GR	Tengidagsetning skv. Mílu
[...]	28.08.2018	16.08.2018
[...]	16.11.2018	03.12.2018
[...]	12.11.2018	01.06.2018 og 03.12.2017
[...]	05.11.2018	25.10.2018

## III.

### Forsendur og niðurstaða

#### 3.1. Almenn um lagaumhverfi

(12) Samkvæmt 2. mgr. 2. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 er Póst- og fjarskiptastofnun falið að hafa umsjón með fjarskiptum í lögsögu íslenska ríkisins og hafa eftirlit með framkvæmd laganna. Þá hafa verið sett sérstök lög um starfsemi og valdheimildir stofnunarinnar, sbr. lög nr. 69/2003 um Póst- og fjarskiptastofnun, en þar eru jafnframt tilgreind þau verkefni sem stofnuninni ber að vinna að. Í 3. gr. laganna er þannig kveðið á um að Póst- og fjarskiptastofnun skuli *stuðla að samkeppni á sviði póst- og fjarskiptaþjónustu og koma í veg fyrir óréttmæta viðskiptahætti með því m.a. að vinna gegn röskun eða takmörkun samkeppni á mörkuðum fjarskipta- og pósthjónustu*, sbr. a.-lið 2. töluliðar ákvæðisins. Enn fremur með því að *taka þátt í þróun markaðar fyrir fjarskipta- og pósthjónustu og upplýsingatækni með því m.a. að vinna gegn hindrunum í vegi framboðs á fjarskiptanetum, aðstöðu og þjónustu sem þeim tengist og fjarskipta- og pósthjónustu og stuðla að því að gætt sé jafnræðis við meðhöndlun fjarskiptafyrirtækja og póstrekenda sem búa við sömu aðstæður*, sbr. a. og c.-liði 3. töluliðar ákvæðisins.

(13) Að áliti PFS hafa þau markmið fjarskiptalaga sem birtast í tilgreiningu á verkefnum, þ.e. um að vinna gegn röskun á samkeppni, koma í veg fyrir hindranir að aðgangi að aðstöðu og gæta skuli jafnræðis fjarskiptafyrirtækja, þýðingu við túlkun og framkvæmd 60. gr. fjarskiptalaga sem er svohljóðandi:

*„Fjarskiptalagnir í húsnæði áskrifenda, þ.m.t. húskassar, eru á ábyrgð húseigenda. Staðsetning húskassa og allar lagnir í byggingu skulu vera í samræmi við teikningar af byggingunni sem byggingareftirlit hefur samþykkt. Í fjöleignarhúsum skulu húskassar vera innsiglaðir eða læstir og þannig gengið frá lögnum að óviðkomandi eigi ekki greiða leið að einstökum fjarskiptalínum. Þegar fjarskiptafyrirtæki berst umsókn um þjónustu frá áskrifanda skal fjarskiptafyrirtæki eiga rétt á aðgangi að húskassa í viðkomandi byggingu til að tengja sig inn á hann og að lögnum viðkomandi áskrifanda. Póst- og fjarskiptastofnun setur reglur um frágang húskassa og lagna í þeim tilgangi að tryggja vernd fjarskipta og skilgreina aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.“*

(14) Meginefni ákvæðisins er að mæla fyrir um ábyrgðarskil á milli netrekanda annars vegar og húseigenda hins vegar, en innanhússlagnir frá nettengingu í húskassa eru á ábyrgð húseigenda. Einnig er fjallað um öryggi húskassa og um rétt fjarskiptafyrirtækja til aðgangs að þeim, en gert er ráð fyrir að Póst- og fjarskiptastofnun setji reglur m.a. í þeim tilgangi að skilgreina nánar aðgangsheimild fjarskiptafyrirtækja.

(15) Póst- og fjarskiptastofnun hefur gefið út þær reglur sem 60. gr. fjarskiptalaga gerir ráð fyrir, þ.e. gildandi reglur nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, en markmið þeirra samkvæmt 2. gr. er eftirfarandi:

*„Markmið með reglunum er að tryggja vernd fjarskipta með því að stuðla að vönduðum frágangi innanhússlagna sem koma á í veg fyrir misnotkun á fjarskiptaþjónustu og að tryggja jafnræði fjarskiptafyrirtækja að því er varðar aðgang að innanhússlögnum.“*

(16) Nánar er fjallað um jafnræði í 5. gr. reglnanna, en þar segir eftirfarandi:

*„Við hönnun og uppsetningu innanhússlagna skal þess gætt að öll fjarskiptafyrirtæki geti átt þess jafnan kost að veita notendum þjónustu og að notendur geti valið mismunandi fjarskiptafyrirtæki til að veita sér þjónustu.“*

(17) Þá er fjallað um frágang fjarskiptalagna í 6. gr. reglnanna, en í 1. mgr. hennar segir að frágangur innanhússlagna skuli vera í samræmi við viðurkennda staðla s.s. ÍST 151, auk þess sem sérstaklega er fjallað um frágang húskassa í 7. gr. reglnanna. Ekki þykir vera tilefni til að rekja efni þessara ákvæða heildstætt, heldur víkja eingöngu að þeim málsgreinum sem á reynir í máli þessu, þ.e. 3. og 4. mgr. 7. gr., eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018, en þær orðast svo:

*„Í fjarskiptainntaki skal ávallt setja upp tengilista til að tengja strengenda heimtaugar við innanhússfjarskiptalögn. Heimilt er að splæsítengja heimtaug við innanhússfjarskiptalögn í fjarskiptainntaki. Sé splæsítengt í fjölbýlishúsi eða einingaskiptu atvinnuhúsnæði skal leggja a.m.k. einn aukaprád innanhússfjarskiptalagnar frá inntaki til hvernar íbúðar eða einingar og skal*

*lausum aukapráðum innanhússfjarskiptalagnar komið fyrir í tengilista við fjarskiptainntak.*

*Sé laus þráður innanhússlagnar til viðkomandi notanda fyrir hendi í fjarskiptainntaki skal fjarskiptafyrirtæki tengja heimtaug við hann í stað þess að aftengja tengingu annars fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er. Óheimilt er að splæsítengja alla þræði hvernar íbúðar við heimtaug.“*

### **3.2. Afmörkun ágreiningsefnis og lagaskila**

(18) Upphafleg kvörtun Mílu laut að því að GR hefði klippt á tengda þræði Mílu við innanhússfjarskiptalagnir í tilteknum húseignum, þrátt fyrir að laus aukapráður hafi verið til staðar í fjarskiptainntaki.

(19) Í einu tilvikinu, þ.e. að [Löngumýri 26], bar GR því við að klippt hefði verið á tengdan þráð Mílu fyrir mistök. Míla fellst ekki á að tilvikið geti flokkast sem mistök og mótmælir því að kvörtuninni verði vísað frá af þeim sökum.

(20) Undir rekstri málsins kom fram í athugasemdum GR að í tilviki hinna húseignanna hefði ekki verið til staðar laus aukapráður í fjarskiptainntaki. Félagið hefði því þurft að klippa á tengingar Mílu til að nálgast innanhússfjarskiptalagnirnar. Ekki verður séð að þessi lýsing GR á málsatvikum og aðstæðum sé mótmælt af hálfu Mílu, þ.e. að ekki hafi verið til staðar laus aukapráður í fjarskiptainntaki í viðkomandi húseignum. Af því leiðir að ekki reynir á upphaflegt umkvörtunarefni málsins, þ.e. að klippt hafi verið á tengda þræði Mílu við innanhússfjarskiptalagnir þrátt fyrir að laus aukapráður hafi verið til staðar í fjarskiptainntaki, en slíkt varðar við fyrri málslið 4. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018.

(21) Á hinn bóginn er það engu að síður álit Mílu að framkvæmd GR hafi ekki verið í samræmi við reglur, þar sem aðferð GR hafi falið í sér allir þræði hvernar íbúðar hafi verið bræðisoðnir við heimtaug í fjarskiptainntakinntaki, en slíkt telur félagið að varði við síðari málslið 4. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og ákvæðinu var breytt með reglum nr. 421/2018. GR telur aftur á móti að framkvæmdin hafi verið í samræmi við umræddar reglur.

(22) Þar sem reglum innanhússfjarskiptalögnum hefur í tvígang verið breytt frá því að þær voru fyrst settar árið 2006 þarf að huga að lagaskilum hvað varðar aldur þeirra tenginga sem um ræðir. PFS hefur áður fjallað um að nýjar kröfur til frágangs tenginga sem fylgt hafa breytingarreglum geta ekki gilt með afturvirkum hætti, sbr. kafla 4.2.2. í ákvörðun PFS nr. 26/2017. Séu upplýsingar frá GR lagðar til grundvallar um tengidagsetningar, í þeim húseignum sem kvörtun Mílu tekur til, er ljóst að síðustu tengingar GR hafa allar átt sér stað í tíð gildandi reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, eins og þeim var breytt með reglum nr. 421/2018, en breytingin tók gildi þann 1. júlí 2018. Samkvæmt þessu er leyst úr ágreiningsmáli þessu á grundvelli gildandi reglna um innanhússfjarskiptalagnir.

### **3.3. Skemmdir á tengingum í fjarskiptainntaki vegna óhappatílvika**

(23) Samkvæmt gögnum málsins er ágreiningslaust að GR hafi klippt á tengdan þráð Mílu að [...], þrátt fyrir að laus aukapráður hafi verið til staðar í fjarskiptainntaki. Í athugasemdum GR, dags. 15. febrúar 2019, kemur fram að í umræddu tilviki hafi verið um mistök að ræða.



(24) PFS hefur áður komist að niðurstöðu um að einstaka óhappatilvik, sem verða við uppsetningu tenginga í fjarskiptainntaki og leiða til skemmda á tengingum annars fjarskiptafyrirtækis, geti ekki orðið grundvöllur að stjórnsýslumáli hjá PFS, sbr. kafla 4.6. í ákvörðun PFS nr. 23/2018.

(25) Það er hins vegar álit Mílu að umrætt atvik geti ekki talist til mistaka. Vísar Míla annars vegar til þess að GR hafi hvorki er tilkynnt um atburðinn til Mílu né framkvæmt úrbætur á meintum mistökum og hins vegar til sjónarmiða sem varða eðli mistaka, þ.e. að óhappatilvik vísi almennt til skyndilegs atburðar sem er verður fyrir slysi og án ásetnings.

(26) PFS getur ekki fallist á sjónarmið Mílu. Tilkynning um mistök og úrbætur á þeim varða fremur atriði sem lúta að ráðstöfunum til takmörkunar á tjóni og mögulegra bóta eða endurgreiðslu útlagðs kostnaðar vegna þess, fremur en að um sé að ræða hugtaksskilyrði við skilgreiningu á mistökum. Þá getur PFS ekki tekið undir sjónarmið Mílu að mistök þurfi endilega að vera skyndilegir atburðir sem verða fyrir slysi og án ásetnings. Að mati PFS geta mistök einnig falist í meðvitaðri ákvörðun um tiltekna aðgerð sem síðan reynist, eftir nánari eftirá skoðun, hafa verið mistök.

(27) Þar sem fyrir liggur viðurkenning GR á mistökum endurskoðar PFS ekki hvort þau hafi verið gerð af gáleysi eða hvort um að hafi verið að ræða ásetning um að klippa á tengdan þráð. Slíkt breytir engu um meðferð slíks tilviks í stjórnsýslulegu tilliti. PFS áréttar það sjónarmið sem fram kemur í ákvörðun PFS nr. 23/2018 að ágreiningur um bótaskyldu og bótafjárhæðir eiga undir lögsögu dómstóla. Sama gildir ef fjarskiptafyrirtæki telur að annað fjarskiptafyrirtæki hafi af ásetningi framið skemmdarverk sem varðað gæti við almenn hegningarlög.

(28) Til viðbótar við framangreint og í ljósi þess að tengingar í fjarskiptainntaki eru í eigu og á ábyrgð húseiganda, sbr. 60. gr. fjarskiptalaga, bendir PFS á að það sé ekki öruggt að Míla eigi lögvarinna hagsmuna af því að framkvæmdar séu úrbætur eða bætt fyrir tjón á tengingum í fjarskiptainntaki.

(29) Samkvæmt framangreindu er kvörtun Mílu ehf., dags. 3. desember 2018, um skemmdir GR á tengingu í fjarskiptainntaki að [...] vísað frá.

### **3.4. Ófrávíkjanleg skilyrði fyrir notkun bræðisuðu**

(30) Hér á landi hafa um árabíl gilt sérstakar reglur um innanhússfjarskiptalagnir. Megininntak þeirra hefur hefur verið tvíþætt, þ.e. að stuðla að öryggi fjarskiptatenginga í fjarskiptainntaki, en um leið að tryggja gott aðgengi fjarskiptafyrirtækja að tengingum í fjarskiptainntaki á jafnræðisgrundvelli. Reglur um innanhússfjarskiptalagnir, eins og þær líta út í núverandi mynd, eiga stóð sína að rekja til 60. gr. fjarskiptalaga.

(31) Við þær breytingar sem gerðar hafa verið á reglunum hefur PFS haft þetta tvíþætta markmið í huga, þ.e. annars vegar öryggi og hins vegar aðgengi. Sökum öryggis hefur PFS samþykkt að heimilt sé að nota bræðisuðu við tengingu heimtauga við innanhússfjarskiptalagnir í fjarskiptainntaki. Það er aftur á móti álit PFS að slíkur frágangur bjóði ekki upp á aðgengilegan nettengipunkt. Því hefur PFS mælt fyrir um þá mótvægisráðstöfun, þegar bræðisuða er notuð, að leggja skuli aukaprág í hverja íbúð, ef um fjölbýlishús er að ræða, auk þess sem koma skuli upp tengilista fyrir aukapráginn.

(32) Nýlega hafa verið settar reglur um innanhússfjarskiptalagnir á vettvangi Evrópusambandsins, sbr. tilskipun nr. 2014/61/EB um að lækka kostnað við uppbyggingu á háhraða fjarskiptanetum. Í umræddri tilskipun er að finna kröfur til þess að *aðgangspunktur* að innanhússfjarskiptalögnum skuli vera fjarskiptafyrirtækjum aðgengilegur. Umrædd tilskipun býður nú innleiðingar hér á landi, sbr. lagafrumvarp sem nú er fyrir Alþingi. Við lestur frumvarpsins um þau ákvæði sem varða innanhússfjarskiptalagnir verður ekki dregin önnur ályktun en sú að gildandi regluverk hér á landi, fyrir utan tilteknar orðalagsbreytingar, sé í fullu samræmi við nýtt Evrópuregluverk á þessu sviði, einkum um að aðgangspunktur að innanhússfjarskiptalögnum skuli vera aðgengilegur. PFS telur að sú krafa sé uppfyllt með áskilnaði um að settur skuli upp tengilisti í fjarskiptainntaki.

(33) PFS telur að úrlausn þessa máls ráðist af framgreindri kröfu sem er að finna í 3. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir, en ekki af 4. eða 5. mgr. ákvæðisins, eins og byggt er á í málalíbúnaði málsaðila. Þar sem að GR notaði bræðisuðu við að tengja heimtaugar við innanhússfjarskiptalagnir, í húseignunum sem mál þetta varðar, bar húseiganda að setja upp tengilista í fjarskiptainntaki, samkvæmt ábendingu og mögulegri aðkomu GR að þeirri framkvæmd. Skiptir hér engu máli þótt einungis einn þráður innanhússfjarskiptalagnar hafi verið til staðar. Sú tengiaðferð sem GR notaði kallaði á að annar þráður innanhússfjarskiptalagnar væri lagður í hverja íbúð og gerður aðgengilegur í fjarskiptainntaki, ásamt uppsetningu á tengilista.

(34) Í athugasemdum GR kemur fram að félagið telji sig í öllum tilvikum hafa haft samþykki húseiganda fyrir því að tengingarnar væru framkvæmdar og frágengnar með þeim hætti sem félagið gerði. PFS bendir á að þótt reglur nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir séu frávíkjanlegar að þá eru þær ekki undanþægar varðandi kröfur til frágangs tenginga í fjarskiptainntaki, sbr. c.-lið 1. gr. reglnanna, svo og vegna jafnræðis fjarskiptafyrirtækja og aðgangs þeirra að innanhússfjarskiptalögnum, sbr. a.-b.-liði ákvæðisins. Þessar takmarkanir á frávíkjanleika reglnanna eru settar til að tryggja að sá réttur fjarskiptafyrirtækja til jafnræðis um aðgang að innanhússfjarskiptalögnum, sem kveðið er á um í 60. gr. fjarskiptalaga, sé virtur. Að áliti PFS hefði GR mátt vera ljóst, m.t.t. fjölda ágreiningamála tengdum innanhússfjarskiptalögnum á undanförunum árum, að ekki væri hægt að víkja til hliðar kröfum sem mælt er fyrir um í 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir með samþykki húseiganda.

(35) Þá telur GR að heimilt sé að klippa á þráð innanhússfjarskiptalagnar ef ekki er fyrir hendi laus aukapráður í fjarskiptainntaki og vísar þar til 1. málslíðar í 5. mgr. 7. gr. reglna nr. 1111/2015 um innanhússfjarskiptalagnir. Þetta er ekki réttur skilningur hjá GR. Ákvæðið heimilar aðeins að klippt sé á tengdan þráð innanhússfjarskiptalagnar, sé enginn laus aukapráður til staðar, þegar tengdi þráðurinn hefur verið bræðisoðinn, sbr. orðalag ákvæðisins:

*„Sé enginn laus þráður í innanhússlögn þar sem splæsitenging hefur verið notuð er húseiganda heimilt að láta aftengja innanhússlögn sína frá inntaki þess fjarskiptafyrirtækis sem fyrir er.“ [undirstrikun PFS]*

(36) Ákvæðið heimilar sem sagt ekki að klippt sé á tengdan þráð í fjarskiptainntaki sem komið hefur verið fyrir í tengilista við þær aðstæður að enginn laus aukapráður er til staðar í inntakinu. Helgast það af því að aðgengi annarra fjarskiptafyrirtækja er fyrir hendi í lausum „portum“ tengilistans. Þessu er ekki að heilsa hvað varðar þræði sem hafa verið bræðisoðnir. Þetta ákvæði er sett til að taka af allan vafa um að við slíkar aðstæður, þ.e. þegar engin laus aukapráður er til

staðar í fjarskiptainntaki, að þá sé fjarskiptafyrirtæki heimilt að klippa á bræðisoðna þráðinn þegar húseigandi óskar eftir þjónustuflutningi.

### *Ákvörðunarorð*

- 1. Kvörtun Mílu ehf., dags. 3. desember 2018, um skemmdir Gagnaveitur Reykjavíkur ehf. á tengingu í fjarskiptainntaki að [...] er vísað frá.**
- 2. Gagnaveitu Reykjavíkur ehf. var óheimilt að klippa á þræði innanhússfjarskiptalagna í inntaki fjarskiptalagna að [...], [...], og [...], sem voru tengdir við heimtaugar Mílu ehf., og bræðisjóða sínar heimtaugar við þá þræði án þess að lagður væri aukapráður innanhússfjarskiptalagnarlagnar í hverja íbúð, ásamt því að settur væri upp tengilisti í fjarskiptainntaki.**
- 3. Ákvörðun þessi er kæránleg til úrskurðarnefndar fjarskipta- og póstmála, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 69/2003, um Póst- og fjarskiptastofnun. Kæran skal berast úrskurðarnefnd innan fjögurra vikna frá því viðkomandi var kunnugt um ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar. Um kostnað vegna málskots fer samkvæmt 5. mgr. 13. gr. sömu laga, auk þess sem greiða ber sérstakt málskotsgjald að upphæð kr. 150.000, skv. 6. gr. reglugerðar nr. 36/2009 um úrskurðarnefnd fjarskipta- og póstmála. Samkvæmt 4. mgr. 13. gr. sömu laga getur aðili einnig borið ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar beint undir dómstóla án þess að mál sé fyrst borið undir úrskurðarnefnd. Slíkt mál skal höfðað innan þriggja mánaða frá því að viðkomandi fékk vitneskju um ákvörðun stofnunarinnar. Málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvarðana stofnunarinnar. Málskot beint til dómstóla hindrar að úrskurðarnefnd sé heimilt að taka kæru til málsmeðferðar.**

*Póst- og fjarskiptastofnun, 11. mars 2019*

---

Hrafnkell V. Gíslason

---

Björn Geirsson